

Megindleg rannsókn - Könnun

Markmið:

- Beita megindlegum rannsóknaraðferðum (gera könnun og vinna úr henni) við rannsókn á efni að eigin vali.

Undirbúningur og framkvæmd:

- Lesa vel það efni úr námsbókinn sem lýtur að megindlegum rannsóknum. **Athuga vel gátlistann á bls. 69.**
- Velja sér rannsóknarefni og skilgreina það (hver er fókusinn?).
- Kynna sér rannsóknir eða aðrar heimildir (bækur/greinar) sem eru til um það efni sem þið veljið ykkur.
- Semja nokkrar stórar rannsóknarspurningar (ekki það sama og er í könnuninni – byggir á ykkar rannsóknarfókusi) og einnig 4-6 tilgátur (staðhæfingar eða væntanleg svör við ykkar stóru rannsóknarspurningum). **Lesið vel bls. 83 um rannsóknarspurningar og tilgátur.**
- Semja spurningar fyrir könnunina út frá ykkar tilgátum og slá þær inn í „SurveyMonkey” forritið sem þið fáið á netinu. Athuga vel að fá leiðbeiningar frá kennara í tíma varðandi réttar stillingar, form á spurningum, svarmöguleikum og fleira.
- Fjöldi spurninga á að vera í kringum 12-25 (fer eftir fjölda í rannsóknarhóp).
- Opna fyrir aðgang að spurningalistanum ykkar í SurveyMonkey fyrir úrtakið ykkar í MK.
- Kennari sér um að gefa öllum nemendum í MK aðgang að ykkar könnun í eina viku í gegnum Moodle.

Úrvinnsla:

- Vinna úr könnuninni í SurveyMonkey.
- Búa til „filtera” (6-10) og „krosstöflur” (6-10) út frá þeim bakgrunnsspurningum sem þið notuðuð (t.d. kyni, aldri, braut o.fl.). **Leiðbeiningar frá kennara í tíma.**
- Afrita þau myndrit og niðurstöður sem þið ætlið að nota úr SurveyMonkey yfir í Excel skjal og búa til flott myndrit (súlu- og/eða kökurit) þar.
- Semja rannsóknarskýrslu á Power point skjali sem þið flytjið í tíma þar sem þið gerið grein fyrir undirbúningi, framkvæmd og helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. **Rannsóknarskýrslan felur í sér myndrit (sem þið afritið úr excel skjalinu ykkar) og texta á glærum sem þið sýnið nemendum og texta í Notes (undir hverri glæru) sem er ykkar fyrirlestur. Sjá næstu síðu.**

 Rannsóknarskýrslan:

- 5% Rannsóknarefnið skilgreint og settar fram nokkrar rannsóknarspurningar.
- 5% Tilgátur settar fram (það sem þið hélduð að kæmi fram í niðurstöðum).
- 5% Vísa í aðrar rannsóknir eða heimildir (bækur/greinar) um ykkar rannsóknarefni.
- 5% Skilgreina helstu lykilhugtök sem tengjast ykkar rannsóknarefni.
- 5% Umfjöllun um meginðlegar aðferðir (vitna í kennslubók og/eða glærur).
- 5% Umfjöllun um undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu rannsóknarinnar.
- 10% Úrvinnsla í SurveyMonkey – Filterar og krosstöflur.
- 20% Helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Setja myndritin á glærur og texta með. (Muna eftir % tölum fyrir ofan hverja súlu/kökusneið). Setja ítarlegan skýringartexta í notes undir hverja glæru.
- 10% Draga saman athyglisverðustu niðurstöðurnar ykkar (hér á að skrifa texta, ekki myndrit). Hvaða tilgátur ykkar stóðust og hverjar ekki? Hvað annað nýtt kom fram? Hvað væri sniðugt að rannsaka á þessu sviði næst? Hvaða spurningar vakna hjá ykkur í kjölfar þessarar rannsóknar? Hér má einnig setja fram nýjar tilgátur út frá ykkar niðurstöðum.
- 5% Umræður og lokaorð. Hvernig var að gera þessa rannsókn? Ykkar mat á rannsókninni. Hvernig gekk? Hvað kom á óvart?
- 5% Flutningur
- 10% Heimildavinna: Vitnað í heimildir í notes og heimildaskrá.
- 10% Skipulag og frágangur (málfar, stafsetning og glærur)
- **Munið að setja það sem þið ætlið að segja með hverri glæru í “Notes” á powerpoint skjalinu.**

 Flutningur og fylgigögn:

- Lengd fyrirlesturs á að vera um 10-20 mínútur (20-30 glærur) miðað við 1-4 saman.
- Senda rannsóknarskýrsluna (Power point skjalið) í gegnum **skilahlekk** á **Moodle** mánudagskvöldið 20. febrúar.
- **Nemendur munu draga um það hvar í röðinni þeir lenda með sína kynningu.**

Gangi ykkur vel☺
Hjördís